

Nd.

117. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

1. gr.

3. gr. 2. liður, síðari málsgrein, orðist svo:

Í þeim fjelögum, er skiftast í deildir, nægir þó sameiginleg ábyrgð í hverri deild fyrir sig.

Takmörkuð ábyrgð nægir í þeim fjelögum, sem um er rætt í 2. og 3. lið 2. greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi um þetta efni, er flutt var á síðasta þingi eftir áskorun aðalfulltrúafundar kaupfjelags Borgfirðinga, en fjell við 3. umræðu í neðri deild með 2 atkv. mun.

Nú er frumvarpið flutt að nýju samkvæmt tilmælum þeim í brjefi, dags. 11. þ. m., frá stjórn kaupfjelags Borgfirðinga, sem hjer fer á eftir.

»Stjórn kaupfjelags Borgfirðinga í Borgarnesi hefir tekið þá ákvörðun, að fara fram á við háttv. þingmenn Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, að þeir flytji á yfirstandandi Alþingi frumvarp það til breytinga á samvinnulögnum, er þeir fluttu á Alþingi fyrra ár.

Reykjavík, 11. mars 1924.

Í stjórn kaupfjelags Borgfirðinga.

Helgi Pjetursson.

Guðm. Ólafsson.

Davíð Þorsteinsson.

Til

þingmanna Mýra- og Borgarfjarðarsýslna«.

Að öðru leyti visast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpinu í fyrra, sjá Alþt. 1923, A. bls. 226.